

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Illska og óhugnaður

Inngangur að þema

Á börnunum valt það,
hvað Grýla átti gott,
og hvort hún fékk mat
í sinn poka og sinn pott.

Ef góð voru börnin
var Grýla svöng,
og raulaði ófagran
sultarsöng.

Ef slæm voru börnin
varð Grýla glöð
og fálmaði í pokann sinn
fingrahöð.¹

Þessi erindi eru úr „Grýlukvæði“ Jóhannesar úr Kötlum. Ljóð hans er eitt af mörgum sem samin hafa verið um Grýlu, óvættina ógnvænlegu, sem hámar í sig óþekk börn. Sögurnar og kvæðin af Grýlu voru lengi notuð sem varnaðarsögur eða aðferð til að halda börnum á mottunni, fá þau til að vera stillt og þrúð; enda fátt óhugnanlegra en tilhugsunin um að vera étin. Margir þekkja mynd Halldórs Péturssonar af Grýlu sem birtist í *Vísnaþókinni* þar sem skessan arkar ófrýnileg með staf í hendi og börn í poka. Ógeðfellt markmið hennar er ljóst en þó veit

¹ Jóhannes úr Kötlum, „Grýlukvæði“, *Jólin koma. Kvæði handa börnum*, Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 5–6.



Ritið

1. töl. 23. árg. 2023 (1-6)

© 2022 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI:10.33112/ritid.23.1.0
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

áhorfandi að henni mun líkast til ekki takast ætlunarverk sitt því myndin sýnir jafnframt litla stúlku sem klippt hefur gat á sekkinn og er að bjarga fórnarlömbunum úr þrisundinni. Slíkri hjartsýni er hins vegar ekki fyrir að fara á málverki Þrándar Þórarinssonar af Grýlu sem prýðir forsíðu *Ritsins* að þessu sinni. Þar hefur Grýla ekki beðið boðanna og er byrjuð að háma í sig lifandi ungbarn. Blóðið lekur úr munnvikum kerlingarinnar sem í meðförum Þrándar minnir meira á flökkukonu en tröllskessu en með því móti verður viðbjóðurinn raunverulegri en ella og ógnin mun nálægri.² Þótt mannát hafi í sumum samfélögum verið stundað af trúarlegum ástæðum eða sem virðingarvottur við látinn einstakling er gjörðin almennt álitin fyrir litleg nema hún eigi sér stað í algjörrri neyð. Það ætti því ekki að koma á óvart að mannát í bókmenntum og listum hafi gjarnan verið notað sem líking fyrir valdbeitingu til að undirstrika illsku mannskepnunnar.³

Þema *Ritsins* er að þessu sinni helgað rannsóknum á illsku og óhugnaði. Margar og ólíkar skoðanir hafa verið settar fram um hvernig beri að skilgreina illsku enda eru birtingarmyndir hennar afar margvíslegar.⁴ Þegar illskan er tengd hryllilegum atburðum eða tilteknum gjörðum einstaklinga er gjarnan rætt um hana sem andstæðu samlíðunar og þá bent á að sá sem er illur skorti þann hæfileika að geta sett sig í annarra manna spor og fundið það sem þeir finna.⁵ Að sumu leyti er slík staðhæfing einföldun því samlíðun fólks með öðrum er háð aðstæðum og félagslegum tengslum. Það er til dæmis líklegra að einstaklingur eigi auðveldara með að finna til samlíðunar með þeim sem hann þekkir og þykir vænt um en ókunnugu fólki.⁶ Það skýrir því til dæmis þversögnina sem felst í því

² Þrándur hefur sjálfur bent á þennan mun á Grýluverkunum en samkvæmt honum vildi hann miðla óhugnaði og mála Grýlu sem viðbjóðslega förakerlingu. Sbr. Freyr Bjarnason, „Sýnir málverk af Grýlu og Gretti“, *Vísir*, 4. apríl 2009, sótt 28. maí 2023 af <https://www.visir.is/g/2009747522358/synir-malverk-af-grylu-og-gretti>.

³ Jennifer Brown, *Cannibalism in Literature and Film*, New York: Palgrave Macmillan, 2013, bls. 7.

⁴ Í þessu samhengi má til dæmis benda á fræðibækurnar *The Science of Evil. On Empathy and the Origins of Cruelty* (2011) eftir Simon Baron-Cohen; *Evil. Inside Human Violence and Cruelty* (1999) eftir Roy F. Baumeister; *Without Conscience. The Disturbing World of the Psychopaths Among Us* (1999) eftir Robert D. Hare og *Evil. The Science Behind Humanity's Dark Side* (2019) eftir Julia Shaw.

⁵ Sjá til dæmis umræðu Simon Baron-Cohen, *The Science of Evil. On Empathy and the Origins of Cruelty*, New York: Basic Books, 2011, bls. 43–94.

⁶ Tania Singer og Claus Lamm, „The Social Neuroscience of Empathy“, *Annals of the New York Academy of Sciences* 1/2009, bls. 81–96, hér bls. 81–82; Amy Coplan, „Understanding Empathy. Its Features and Effects“, *Empathy. Philosophical and Psychological Perspectives*, ritstjórar Amy Coplan og Peter Goldie, Oxford: Oxford University Press, 2011, bls. 3–19, hér bls. 13.

að raðmorðingjar geti verið ískaldir gagnvart fórnarlömbum sínum um leið og þeir kunna að vera elskulegir og hlýir í garð eigin fjölskyldumeðlima.

Illskan er augljós fylgifiskur ofbeldis af öllu tagi en í sumum tilvikum er hún augljós, eins og þegar um líkamlegt ofbeldi er að ræða, en í öðrum aðstæðum getur hún verið lúmsk og er þá jafnvel erfitt að henda reiður á henni. Gott dæmi um birtingarmynd hinnar lúmsku illsku má finna í skáldsögunni *Sólskinshesti* (2005) eftir Steinunni Sigurðardóttur. Þar segir frá foreldrum sem vanrækja börn sín með því að leggja ekkert til þeirra, hvorki gott né illt, en með því móti hafa þau afgerandi áhrif á líf afkvæma sinna og hæfni þeirra til að mynda nán tengsl við aðrar manneskjur. Til að magna áhrif illskunnar sem skín af sinnuleysi foreldranna nýtir Steinunn sér markvisst ýmis einkenni gotnesku hefðarinnar og miðlar þannig á áhrifaríkan hátt ókennilegum aðstæðum, ógn og hryllingi en með því móti dregur hún einnig fram hvernig illskan og óhugnaðurinn eru einatt nátengd fyrirbæri.⁷

Undir hatti þemans birtast í heftinu þrjár ritrýndar greinar sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um illsku og óhugnað í íslenskum samtímabókmenntum. Vera Knútsdóttir ríður á vaðið með greininni „Sjálfsmynd og ókennileiki á tímum fjármálahruns“ þar sem hún greinir skáldsögurnar *Hvítfeld: fjölskyldusaga* (2012) eftir Kristínu Eiríksdóttur og *Ég man þig* (2010) eftir Yrsu Sigurðardóttur. Vera skoðar hvernig skáldkonurnar nýta sér fagurfræði hins ókennilega (e. *the uncanny*) til að takast á við atburði fjármálahrunsins árið 2008 en í því skyni greinir hún sérstaklega hvernig ókennileg stef fyrirnefndra skáldverka skírskota til samfélagsástands á hrúntímum og hvernig reimd hús frásagnanna endurspeglar bælingu, ótta og sorg á tímum fjármálakreppu.

Óhugnaður er einnig til umfjöllunar í grein Sunnu Dísar Jensdóttur; „Hann vissi ekki hvað var veruleiki og hvað ekki“; sem fjallar um gotneska ádeilu í skáldsögunni *Börnin í Húmdölum* (2004) eftir Jökul Valsson. Sunna Dís skoðar hvernig gotnesk skáldskapareinkenni verksins eru notuð til að miðla óhugnaði og varpa ljósi á ýmis falin samfélagsmeini; ekki síst vanrækslu og ofbeldi á börnum. Í því samhengi fjallar hún einnig um samfélagslega umræðu er varðar stéttarskipt-

⁷ Um tengsl *Sólskinshests* við gotnesku hefðina sjá Úlfhildur Dagsdóttir, „Heimilislegur dauði: eða ósýnilegir leikir á háalofu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. júlí 2006, bls. 10; Dagný Kristjánsdóttir og Katrín María Víðisdóttir, „Í frásagnarspeglasalnum. Um *Sólskinshest* Steinunnar Sigurðardóttur“, *Fléttur III. Jafnvretti, menning, samfélag*, ritstjórar Annadís G. Rúdólfssdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og Háskólaútgáfan, 2014, bls. 174–195 og Guðrún Steinþórsdóttir, „Sólmyrkvi af mannavöldum“, eftirmáli að *Sólskinshesti* eftir Steinunni Sigurðardóttur, Steinunn Sigurðardóttir, *Sólskinshestur*, Reykjavík: Forlagið, 2023, bls. 189–205.

ingu, búsetu og misjöfn tækifæri barna og skoðar hvernig skáldsagan speglar almenna umfjöllun um ofbeldi gegn börnum á útgáfu tíma bókarinnar. Í greiningu á verkinu sækir Sunna Dís jafnt í aðferðir sálgreiningar og kenninga um gotneskan skáldskap, þar á meðal í skrif fræðimanna um hið gotneska barn og reimleikahús í bókmenntum og kvikmyndum.

Illskan er gjarnan tengd morðingjum eins og kemur glögglega fram í grein Marteins Knaran Ómarssonar, „Kviðristarinn í Kaupmannahöfn“ sem fjallar um raðmorðingja einkum með hliðsjón af glæpasögunni *Köperniku* (2021) eftir Sölva Björn Sigurðsson. Marteinn Knaran kynnir raðmorðingjafræði til sögunnar, ræðir algengar hugmyndir fólks um persónugerð raðmorðingja og sýnir fram á að þótt þeir séu býsna algengar persónur í skáldskap, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum séu þeir mjög sjaldgæfir í raun og veru. Í greiningu á *Köperniku* dregur Marteinn Knaran fram hvernig Sölvi Björn vinnur með og snýr út úr þekktum hugmyndum um raðmorðingja og eins hvernig hann nýtir sér á skapandi hátt eitt þekktasta raðmorðmál sögunnar, kviðristumorðin í Lundúnum árið 1888, þar sem hinn dularfulli Jack the Ripper var að verki.

Í heftinu birtist einnig, undir formerkjum þemans, óritrýnd grein eftir Steindór J. Erlingsson. Hann hefur háð baráttu við erfitt þunglyndi um árabíl en eins og kemur fram í grein hans „Þú ert enn þá lifandi, þú ert enn ekki einn“ rekur hann veikindi sín til illskunnar sem hann varð vitni að sem ungur maður í Eþíópíu. Í skrifum sínum fjallar Steindór á næman hátt um veikindi sín og dregur fram hvaða gildi skáldskapur getur haft til að takast á við vanlíðan. Innan þemans má jafnframt finna þrjá pistla eftir Arnfríði Guðmundsdóttur, Ármann Jakobsson og Sigríði Þorgeirsdóttur en hvert og eitt þeirra fjallar um illsku út frá sínu sérsviði; guðfræði, miðaldabókmenntum og heimspæki. Þá birtist líka þýðing Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur á bókarkaflanum „Samliðan og samkennd“ eftir sálfræðiprófessorinn Paul Bloom. Kafliinn birtist upphaflega í bókinni *Just Babies. The Origins of Good and Evil* sem kom út árið 2013 en í henni setur Bloom fram kenningar um hvernig siðferði þróast í mönnum. Þýðingunni fylgir greinargóður inngangur Öldu Bjarkar þar sem hún fjallar um rannsóknir Bloom á hugarstarfsemi, siðferði og tilfinningum.

Að þessu sinni falla tvær greinar utan þema. Sú fyrri er á sviði guðfræðinnar og er eftir Hjalta Hugason. Greinin nefnist „Handan við lífið bíður ekkert, ekkert“ og fjallar hún um birtingarmyndir dauðans og trúarinnar í ljóðheimi Hannesar Péturssonar. Eins og Hjalti dregur glögglega fram yrkir Hannes um dauðann á ólíka vegu; í sumum ljóðum skáldsins er dauðinn endalok alls en í öðrum blasa við önnur sjónarhorn á endalok lífsins. Efinn er einnig áleiðið yrkisefni Hannesar eins og Hjalti bendir á en hann fjallar sérstaklega um valin ljóð

skáldsins sem lúta að trúnni eða spurningum um jarðneska tilveru og tilgang hennar. Greining Hjalta leiðir í ljós að í þeim ljóðum kemur víða fram skýr afstaða um að handan við lífið bíði manneskjunnar ekkert. Þrátt fyrir það gætir oft þeirrar heimsmyndar að auk þess sem til er í raun og veru sé eitthvað hulið sem ekki verði þekkt til fulls. Samkvæmt Hjalta birtist þó víða í ljóðheimi Hannesar það viðhorf að tilgangurinn með jarðlífinu sé ekki að leita í tilvist að því loknu heldur að hann búi einmitt í því lífi sem er lifað og notið.

Seinni greinin er skrifuð af sjónarhóli heimspekinnar en hún er eftir Finn Dellsén og nefnist „Fyrir hverja eru fræðin?“. Rétt eins og Finnur bendir á geta líkast til allir verið sammála um að fræði og vísindi séu fyrir hvern og einn en ekki aðeins fólkið sem leggur stund á fræði og vísindi. Slíkt viðhorf vekur engu að síður upp ýmis heimspekileg álitamál, svo sem um gildi þekkingar, eðli vísinda og fræða og verkaskiptingu innan samfélaga. Til að skoða þessi viðfangsefni setur Finnur fram heimspekilega kenningu sem hann kallar þekkingarlega jafnaðarstefnu sem kveður í grófum dráttum á um að þekking allra sé einhvers virði. Kenningunni beitir hann síðan til að draga fram hvernig best sé að skilja hugmyndina um að fræðin séu fyrir alla.

Guðrún Steinþórsdóttir, ritstjóri *Ritsins*

